

42. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 24.2.2026

Fundartími: 16:30 – 17:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður (fjarfundab.)

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Í framhaldi af síðasta fundi heilbrigðisnefndar er lögð fram endanleg umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þær greiningar sem liggja fyrir og álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um skort á samræmi, skýrri ábyrgð og yfirstjórn eftirlits eru athugasemdir sem beinast allar að ráðuneytinu sjálfu og yfirstofnun málaflokksins, Umhverfis- og orkustofnun. Það er því sérkennileg niðurstaða ráðuneytisins að lausn málsins sé að kasta heilbrigðisnefndum fyrir róða og varpa ábyrgðinni yfir á heilbrigðiseftirlitin, þegar allar greiningar sem gerðar hafa verið benda á að yfirstjórn málaflokksins sé ábótavant og það hlutverk sem ríkisstofnun er ætlað, er illa eða ekki unnið. Ekkert í frumvarpinu leysir þann vanda sem lýst er í þeim greiningum sem vísað er til í rökstuðningi með frumvarpinu. Staðreynd málsins er sú, að ráðuneytið er með felleinkunn í yfirstjórn málaflokksins, innleiðing reglna frá EES illa útfærðar og lítil þekking í ráðuneytinu á málaflokknum. Vinna við samræmingu sem á að vera í höndum Umhverfis- og orkustofnunar í skötulíki, enginn starfsmaður í stofnuninni sem sinnir málaflokknum svo mánuðum skiptir og fræðsluefni og leiðbeiningar sem stofnun á að sjá um í algjöru lágmarki.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þrátt fyrir að sveitarfélögin sé eini aðilinn sem axlað hefur raunverulega ábyrgð í málefnum heilbrigðiseftirlita á liðnum árum, með því að bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits hvert á sínu svæði, þá hefur ríkisvaldið ekki sinnt þeirri ábyrgð sem lögin leggja á ráðuneyti og yfirstofnun þessa málaflokks. Tími sé kominn til að bretta upp ermar og leggja vinnu í þennan mikilvæga málaflokk með raunverulegum úrbótum, en ekki fórna áratuga reynslu og þekkingu, skipulagi sem er við lýði í öllum þeim löndum sem við berum okkar saman við, með handónýtu frumvarpi þar sem öllu er snúið á hvolf.

hthb

SKH
B.I.

2. Dagskrárliður: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs

Eins og segir í kynningu frumvarpsins þá er lagt til að Matvælastofnun, Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs verði sameinaðar í nýja stofnun. Jafnframt er lagt til að matvælaeftirlit færist frá heilbrigðiseftirlitssvæðum til nýrrar stofnunar. Með því að sameina starfsemi framangreindra stofnana sem og að færa matvælaeftirlit til nýrrar stofnunar verði til ný öflug stjórnsýslu og eftirlitsstofnun á sviði matvælaframleiðslu og fiskveiða.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á hversu lítil áhersla er lögð á flutning verkefna heilbrigðiseftirlitssvæða til nýrrar stofnunar í kynningunni, það þykir ekki taka því að nefna þau verkefni í kynningarheiti ráðuneytisins á frumvarpinu, þ.e. sá þáttur starfseminnar sem lýtur að þeim almannahagsmunum sem heilbrigðiseftirlitin sinna varðandi öryggi matvæla, vinnu við matarsýkingar, innkallanir og önnur þau verkefni sem ekki falla undir reglubundið eftirlit. Engar kostnaðargreiningar eða útfærslur eru í frumvarpinu eða greinargerð með frumvarpinu hvernig þeir almannahagsmunir verða tryggðir.

Niðurstaða heilbrigðisnefndar er sú, að þrátt fyrir nokkuð langan aðdraganda þessa frumvarps, þá hefur verið kastað til höndum við gerð þess. Að mati heilbrigðisnefndar er skynsamlegasta niðurstaðan í þessum mikilvæga málaflokki að hörfa aftur á byrjunarreit, horfa til þeirra athugasemda og greininga sem unnar hafa verið varðandi þennan málaflokk og hefjast handa við að lagfæra það sem betur má fara. Leggja þarf fjármagn í yfirstjórn málaflokksins og efla þekkingu og getu ráðuneytisins til að takast á við þær öru breytingar sem eru á þessum málaflokki og stórefla útgáfu leiðbeininga og reglugerða þar sem leitast er við að einfalda og samræma eftirlit til samræmis við kröfur ESA og þeirra ábendinga sem fram hafa komið. Færsla verkefna heilbrigðiseftirlits á sviði matæla yfir til Matvælastofnunar leysi engin þau vandamál sem greiningaraðilar hafa bent á og það að leggja niður heilbrigðisnefnd veiki matvælaöryggi og matvælamenningu með þeim hætti sem lagt er upp með í frumvarpinu.

3. Dagskrárliður: Breyting á aðal- og deiliskipulagi Hafnarfjarðar, Krýsuvík

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og gerð deiliskipulags vegna rannsóknarborunar í Krýsuvík í Hafnarfirði. Tillaga að deiliskipulag byggir á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, breytingu á aðalskipulagi sem er í vinnslu samhliða deiliskipulagstillögunni, umsögnum sem bárust við vinnslutillögu og ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 13.11.2025, um að rannsóknarboranir fyrir 2 borholur séu ekki matsskyldar.

Heilbrigðiseftirlitið kom að ábendingum við framkvæmdina þegar matsskyldu fyrirspurn fór fyrir Skipulagsstofnum. Tekið var tillit til þeirra athugasemda við gerð deiliskipulagsins og gerir Heilbrigðiseftirlitið ekki frekari athugasemdir.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

4. Dagskrárliður: Áform um breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulagsáætlunar, austurhluti Hlíðavallar, Mosfellsbæ

Áformuð er breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulagsáætlunar vegna betrubóta íþrótt- og útivistarsvæðis við sunnanverðan Leirvog. Skipulagið mun skilgreina betur sambúð íþrótt- og útivistar á svæðinu, þ.m.t. stíga, reiðleiða, fjöru og grænna svæða. Allur eystri helmingur Hlíðavallar verður hluti af nýju deiliskipulagi.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna. Á fyrri stigum kynningarferilsins lagði heilbrigðiseftirlitið fram ábendingar varðandi hreinsun ofanvatns og að vel yrði gengið frá frárennsli regnvatnslagna. Jafnframt að hönnun tæki mið af að öryggi gangandi og riðandi vegfarenda yrði tryggt. Ítarlega er gerð grein fyrir þessum þáttum í greinargerð og mati umhverfispátta sem fylgja deiliskipulagstillögunni. Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Norðurnes, Álftanesi - aðal- og deiliskipulagstillaga

Tillagan nær til Breiðabólstaðasvæðis, Eyrar, Kasthúsatjarnar og svæðisins umhverfis Eyvindarholt, Stekk, Asparvík og Tjörn, allt að landamörkum við Bessastaði og Akurgerði. Helstu breytingar sem tillagan gerir ráð fyrir, eru þær að íbúðarbyggð stækkar og ný svæði bætast við. Íþróttasvæðið fyrir fyrirhugaðan golfvöll stækkar og breytist, hesthúsabyggð á Eyri er felld út, svæði fyrir verslun og þjónustu bætist við og svæði undir hverfisvernd breytir um lögun.

Heilbrigðiseftirlitið kemur að eftirfarandi ábendingum. Að mati heilbrigðiseftirlits þarf að koma fram í deiliskipulaginu ítarlegri útfærsla á fráveitumálum frá hverfinu. Viðtakinn í kringum Álftanes er talin viðkvæmur vegna grunnsævis. Gera þarf áhrifamat framkvæmda á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofunnar. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir nákvæmari umhverfismatsskýrslu á síðari stigum skipulagsferilsins. Áhrif skipulagsins og færsla á golfvöllinum á fuglalíf á Álftanesi, bæði varpfugla og farfugla. Kasthúsatjörn, skurðir og allur vatnsbakki Bessastaðatjarnar er þekkt varpsvæði og hvíldarstaðir viðkvæmra fuglategunda, hvernig er það lífríki verndað? Áhrif á mýrlendi á Álftanesi. Endurheimt votlendis og lokun skurða. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að hækkun sjávarborðs vegna loftlagsbreytinga er raunveruleg ógn við láglend strandsvæði og hætta er á að innviðir nálægt sjó verði í meiri hættu.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

6. Dagskrárliður: Fyrirhuguð uppbygging í Gunnarshólma og áform um breytingu á vaxtarmörkum

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) var boðað til kynningar á fyrirhugaðri uppbyggingu í landi Gunnarshólma dags. 23. september sl. og þeim áformum Kópavogsbæjar að óska eftir að gerð verði breyting á vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins. Á fundinum gerðu ráðgjafar landeigenda Gunnarshólma grein fyrir áformum um uppbyggingu byggðakjarna á jörðinni, skipulag á svæðinu og hvernig ráðgjafar töldu að lágmarka mætti mengunarlíkur. Óskað var eftir viðbrögðum heilbrigðiseftirlitsins varðandi uppbygginguna.

Lagt fram til kynningar minnisblöð heilbrigðiseftirlitsins dags. 28. október sl., minnisblað dags. 4. desember sl. og minnisblað dags. 12. janúar sl. þar sem farið var yfir þau álitamál sem komu upp við skoðun á þeim gögnum og áætlunum sem lágu fyrir. Að mati heilbrigðiseftirlitsins þarf að gæta allra varfærni þegar verið er að skoða áhrif framkvæmda á verndarsvæði aðalvatnsbóla þjóðarinnar. Öryggi neysluvatns stórs hluta þjóðarinnar þarf að byggja á fullnægjandi vitneskju um áhættuna af framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu, sem er byggt á umfangsmiklum jarðfræðirannsóknnum, raunverulegum tilraunum og gegnsæju módeli sem tekur tillit til jarðfræði svæðisins að fullu. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er nauðsynlegt að gera áhættumat eða dreifireikninga fyrir yfirborðsvatn, þar sem könnuð verði áhrif auð- og torleystar mengunar ef til þess kemur að mengun berst í Hólmsá. Hafa þarf í huga að grunnflæði áa við Gunnarshólma er að mestu grunnvatn, þar sem skil milli grunnvatns og yfirborðsvatns eru lítil og vatn getur færst milli fasa. Skoða þarf sviðsmynd þar sem auð- og torleyst mengun berst í Suðurá. Þess má geta að Gvendarbrunnar taka vatn sitt nánast frá yfirborði og eru því sérstaklega viðkvæmir fyrir mengun frá yfirborðsvatni eða úr efsta yfirborði grunnvatns. Þá er nauðsynlegt að gera áhættu- og dreifingarreikninga fyrir fráveitu, með sviðsmyndum þar sem skólplögn og dæluhús lekur. Ekki hefur verið metið fyllilega áhættu frá skólpi, vírusum, viðvarandi mengun tengd húsum, umferð, þungmálum og lyfjum. Kortleggja þarf dreifingu og áhættu frá þessum þáttum.

Heilbrigðisnefnd tekur undir þær athugasemdir sem fram koma í minnisblöðum heilbrigðiseftirlitsins og leggur áherslu á að allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins þarf að skoða að undangengnum ítarlegum rannsóknnum og áhættumats með það að meginforsendu að ekki verði gengið á það markmið samþykktu um að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf.

Wtlg
5Xh
B.I.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 4. febrúar 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 4. febrúar 2026 til kynningar og staðfestingar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 11. febrúar 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 11. febrúar 2026 til kynningar og staðfestingar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 18. febrúar 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 18. febrúar 2026 til kynningar og staðfestingar.



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Undirskrift fundargerðar



Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

96. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 4. febrúar 2026

1. Reykjavíkurvegur 66 Hafnarfirði - tannlæknastofa - skráning

Lögð fram umsókn Úlfars Guðmundssonar f.h. Estetik sf., kt. 470891-1149 dags. 29.01.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Reykjavíkurvegi 66 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078664. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 03.02.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

2. Hamraborg 6 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.01.2026 f.h. Menningarfélagið Milla ehf., kt. 690424-1180 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir bókmenntahátíð að Hamraborg 6 Kópavogi þann 15.05.2026 kl. 17:00 - 23:00 og 16.05.2026 kl. 14:00 - 00:00. Áætlaður gestafjöldi 150 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 3.2.2026.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Smáratorg 3 Kópavogi - mötuneyti - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Stefáns Viðarssonar f.h. Arion banki hf., kt. 581008-0150 dags. 22.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti að Smáratorgi 3 Kópavogi. Fasteignanr. F2289966. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 15.1.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4. Suðurgata 41 Hafnarfirði - fótaaðgerðastofa - skráning

Lögð fram umsókn Guðríðar Harðardóttur kt. 010379-4319 dags. 15.01.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir fótaaðgerðastofu að Suðurgötu 41 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079735. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 3.02.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

5. Suðurgata 41 Hafnarfirði - sjúkrabjálfun o.fl. - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ernu Guðmundsdóttur f.h. Parkinson samtökin kt. 461289-1779 dags. 11.12.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sjúkrabjálfun, og samkomusalur að Suðurgötu 41 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079735. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 07.01.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Fjallakór 12 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

L12817 IceCure Health ehf. - L12817

Lögð fram umsókn Arnars Bjarnasonar f.h. IceCure Health ehf., kt. 591125-0870 dags. 29.12.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Fjallakór 12 Kópavogi. Fasteignanr. F2276087. Ný starfsemi. Dreifing frá Gorilla.

Eftirlitsskýrsla dags. 03.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Kársnesbraut 53 Kópavogi - sjúkranuðdstofa - skráning

Lögð fram umsókn Arnar Jónssonar f.h. Arnarsljós slf., kt. 481002-3620 dags 19.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir sjúkranuðdstofu að Kársnesbraut 53, bílskúr, Kópavogi. Fasteignanr. F2062989. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 2.12.2025. Neikvætt svar byggingarfulltrúa dags. 2.02.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráningu hafnað, þar sem ekki liggur fyrir jákvætt svar byggingarfulltrúa.

8. Ögurhvarf 2 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Atla Jónssonar f.h. Borgarnesti ehf., kt. 550988-1009 dags. 17.12.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Ögurhvarfi 2 Kópavogi Fasteignanr. F2288587. Viðbót við starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 22.11.2034.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

97. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 11. febrúar 2026

1. Suðurhraun 6 Garðabæ - prentiðnaður - skráning

Lögð fram umsókn Edvards Valgarðssonar f.h. Vörumerking ehf., kt. 560771-0109 dags. 9.01.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir prentiðnað að Suðurhrauni 6 Garðabæ. Fasteignanr. F177002. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 20.01.2026 og dags. 18.02.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarna- og matvælaireglugerða er skráning samþykkt.

2. Miðskógar 24 Garðabæ - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Hauks Jónssonar f.h. HIH Verktakar ehf., kt. 510523-2610 dags. 28.01.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir að fjarlægja og förgun á asbesti við Miðskógum 24 Álfanesi. Fasteignanr. F2081589. Tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.02.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3. Melabraut 22 Hafnarfirði - fiskvinnsla - skráning

Lögð fram umsókn Baldvins Samúelssonar f.h. AM Seafood ehf., kt. 650615-0180 dags. 27.01.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskverkun að Melabraut 22 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077824. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 05.02.2026.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Hamraborg 14a Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ilona Gorash f.h. Nýja Vinbudin Ltd., kt. 16967389 dags. 21.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hamraborg 14a Kópavogi. Fasteignanr. F2061406. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.2.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

5. Hamraborg 14a Kópavogi -dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ilona Gorash f.h. Nýja Budin ehf., kt. 690925-0600 dags. 27.11.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla (eingöngu innpökuð matvæli) að Hamraborg 14a Kópavogi. Fasteignanr. F2061406. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.2.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 3.12.2025. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa 16.1.2026.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Ögurhvarf 1 Kópavogi - hársnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Gunnars Malmquist Þórssonar f.h. Víkingblendz ehf., kt. 601120-1270 dags. 19.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Ögurhvarfi 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2277057. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.09.2025. Neikvætt svar byggingarfulltrúa dags. 13.11.2025. Neikvætt svar frá eldvarnareftirliti slökkviliðs dags. 3.2.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráningu hafnað á grundvelli þessa að ekki liggur fyrir samþykki byggingarfulltrúa.

7. Víkurhvarf 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Halldórs Halldórssonar f.h. Vín dot is (UK) Ltd., kt. 610723-9420 dags. 28.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Víkurhvarfi 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2301028. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Rauðhella 1, Hafnarfirði - vélavarkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Baldurs Baldurssonar f.h. SGT Þjónustan ehf., kt. 700124-0450, dags. 16.9.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir vélavarkstæði að Rauðhelli 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2258293 Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.02.10.2025. Bréf sent á byggingarfulltrúa dags. 24.09.2025.Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 24.09.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningin staðfest.

9. Einhella 4 Hafnarfirði - dýrasnyrtistofa - skráning

Lögð fram umsókn Kjartans Snorra Ólafssonar f.h. O.K. Gæludýrabúð ehf., kt. 450822-1400 dags. 17.03.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir Dýrasnyrtistofu að Einhelli 4 Hafnarfirði. Fasteignanúmer F2530231. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.02.2026.Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 19.03.2025, lokaúttektar vottorð dags. 04.02.2026.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

98. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 18. febrúar 2026

1. Salavegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Jóns Steinars Brynjarssonar f.h. Samkaup hf., kt. 571298-3769 dags. 16.02.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Nettó Salavegi 2 Kópavogi. Fasteignanr. F2246425. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.2.2026.
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

2. Engjavegur 12, Mosfellsbær - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Hlynns Guðbjörnssonar f.h. Aftak ehf., kt. 470994-2239 dags. 16.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja að Engjavegur 12, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2084890. Tímabundin starfsemi. Minnisblað dags. 17.02.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3. Þormóðsdalur - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Unnar Jónsdóttur kt. 031060-5919 dags. 11.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja í Þormóðsdal Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2085061. Tímabundin starfsemi. Minnisblað dags. 17.02.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Smiðjuvegur 22 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Steinþórs Jónssonar f.h. Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf., kt. 680994-2779 dags. 11.02.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Smiðjuvegi 32 Kópavogi. Fasteignanr. F2065332 Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 10.02.2026
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

5. Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - matarvagn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hiba Alrabie f.h. Yalla Habibi ehf., kt. 550525-1860 dags. 02.02.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavagn á Thorsplani, Hafnarfirði. Með aðstöðu hjá Kebab fjörður. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.2.2026.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

6. Brúarfljót 5A Mosfellsbæ - flutningur á seyru - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jóels Arnar Einarssonar f.h. Avalsson ehf., kt. 670319-1480 dags. 7.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir flutningi á seyru, að Brúarfljóti 5A Mosfellsbæ. Fasteignanr. F233094. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 16.01.2026. Starfsleyfisdrög auglýst dags. 15.01.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfið samþykkt til 12 ára.

7. Garðatorg 6 Garðabæ - matvælavagn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hauks Má Gestssonar f.h. Reykjavík Napolí ehf., kt. 530317-0990 dags. 29.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavagn, skráningarnúmer: RPD29. Vinnslueldhús hjá Flatey Pizza Garðatorgi 6 Garðabæ. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.2.2026.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

8. Hvaleyrarbraut 29 Hafnarfirði - framleiðsla á spírum - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Katrínar H. Árnadóttur f.h. Spírubarinn ehf., kt. 671017-0920, dags. 22.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ræktun spíra og pökkun að Hvaleyrarbraut 29 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2243635. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.02.2026. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 04.06.2025. Jákvætt svar 01.07.2025. *Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

9. Smiðjuvegur 9a Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Katrínar Aspar Gústafsdóttur f.h. Allt í köku ehf., kt. 430910-2210 dags. 15.01.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 9a Kópavogi. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.02.2026.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.